

## AUGLÝSING

### um staðfestingu úthlutunarreglna vinnustaðanámssjóðs.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga um vinnustaðanámssjóð, nr. 71/2012, með áorðnum breytingum, hefur mennta- og menningarmálaráðherra hinn 10. maí 2016 staðfest úthlutunarreglur stjórnar vinnustaðanámssjóðs samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari. Úthlutunarreglurnar voru samþykktar á fundi stjórnar vinnustaðanámssjóðs hinn 10. maí 2016 og taka gildi frá og með birtingu auglýsingar þessarar.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 10. maí 2016.*

**Illugi Gunnarsson.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

#### Fylgiskjal.

#### **REGLUR um úthlutun styrkja fyrir vinnustaðanámssjóð.**

##### 1. gr.

Stjórn vinnustaðanáms úthlutar styrkjum til fyrirtækja og stofnana er bjóða vinnustaðanám sem er hluti af starfsnámi á framhaldsskólastigi.

Markmiðið með styrkjunum er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að hefja og/eða ljúka tilskildu vinnustaðanámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

##### 2. gr.

Styrkir til vinnustaðanáms eru auglýstir til umsóknar tvisvar sinnum á ári. Auglýsingar eru birtar í fjöldiðlum, á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis og Rannís. Umsóknum ásamt fylgögnum skal skila til Rannís á rafrænu formi.

##### 3. gr.

Rétt til að sækja um styrk eiga fyrirtæki eða stofnanir sem bjóða vinnustaðanám sem fer fram samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla og hafa á að skipa hæfum tilsjónaraðila sem ber ábyrgð á námi nemanda á vinnustað. Forsenda styrkeitingar er að fyrir liggi staðfestur náms- eða starfsþjálfunarsamningur. Umsækjendur skulu uppfylla almenn skilyrði gildandi reglugerðar um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað um hæfi til þess að annast nemendur í starfsnámi og hafa hlotið viðurkenningu til þess að bjóða vinnustaðanám.

##### 4. gr.

Stjórn vinnustaðanámssjóðs greiðir umsækjendum, sem uppfylla sett skilyrði, grunngjald fyrir hverja viku sem nemandi er í vinnustaðanámi. Stjórn vinnustaðanámssjóðs ákveður fjárhæð styrkja að teknu tilliti til fjölda umsókna og þess fjármagns sem til ráðstöfunar er hverju sinni. Mest er styrkur veittur til 48 vikna í senn. Styrkvilyrði gildir um vinnustaðanám á yfirstandandi almanaksári.

##### 5. gr.

Umsýsluaðili, sem starfar á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneyti, sér um afgreiðslu styrkja og gengur úr skugga um að umsækjendur uppfylli sett skilyrði.

Verði misbrestur á framkvæmd vinnustaðanáms getur stjórn vinnustaðanámssjóðs fellt styrkinn niður án frekari fyrirvara og krafist endurgreiðslu. Ef námssamningi er slitið fellur styrkur sjálfkrafa niður.

Nr. 444

10. maí 2016

6. gr.

Styrkir eru greiddir eftir á þegar vinnustaðanámi er lokið. Með lokaskýrslu skal fyrirtæki eða stofnun senda umsýsluaðila afrit af staðfestum náms- eða starfsþjálfunarsamningi og launaseðlum þar sem það á við og er þá greiðsla innt af hendi.

7. gr.

Um eftirlit með fjárreiðum vinnustaðanámssjóðs fer samkvæmt ákvæðum laga um vinnustaðanámssjóð.

8. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 4. gr. laga um vinnustaðanámssjóð, nr. 71/2012, og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 10. maí 2016.*

---

B-deild – Útgáfud.: 27. maí 2016